

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra í ferðakostnaði innanlands.

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferð er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum kr. 1 770 en síðari ferðir að frádregnum kr. 885. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67, 20. apríl 1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1989. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 308, 22. júní 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 154 1963 um skiptingu Reykjavíkur- prófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölul. laga nr. 35/1970, um skipan prestakalla o.fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, eru eftirfarandi breytingar gerðar á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/1972, 234/1973, 57/1975, 285/1980 og 217/1987.

Á eftir 24. tölulið (Hjallaprestakall) komi einn liður er orðist svo:

25. Grafarvogsprestakall:

Grafarvogssókn. Sóknin afmarkast af Elliðaám og Vesturlandsvegi að sunnan- og austanverðu og borgarmörkum Reykjavíkur að öðru leyti.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa.

Sóknargjöld 1989 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. júní 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. maí 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Anna G. Björnsdóttir.